Að sætta andstæður

Kristín Geirsdóttir myndlistarmaður opnaði sína fyrstu einkasýningu í Ásmundarsal síðastliðinn laugardag. Á sýningunni eru olíuverk unnin á striga. Kristín er fædd í Reykjavík 25. ágúst 1948. Hún stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands á árunum 1985-1989 og brautskráðist úr málaradeild. Einnig hefur hún sótt nokkur námskeið við Myndlistaskólann í Reykjavík. Hún tók þátt í samsýningu „sexmenninga" í Hafnarborg árið 1990.

VIÐTAL VIÐ KRISTÍNU GEIRSDÓTTUR MYNDLISTARMANN

H-venær vaknaði áhugi þinn á myndlist?

„Áhugi minn á myndlist vaknaði snemma og á skólaárum mínum voru bestu stundirnar teiknitímarnir. Faðir minn málaði sér til ánægju og það hefur eflaust haft áhrif á mig. Ég fór þó ekki í skóla til að læra myndlist fyrr en árið 1985 og það er fyrst nú sem ég vinn af fullum krafti við þetta."

Hvert er viðfangsefni þessarar sýningar?

Á þessari sýningu eru óhlutbundin verk sem eru tilfinningalegs eðlis. Ég færi tilfinningar í liti og form með því að dýfa penslinum í litróf sálarinnar og mála síðan á strigann. Ég er undir miklum áhrifum frá náttúrunni í víðtækustu merkingu og myndirnar fæðast líkt og ljóð. Þegar ég mála þá leita ég inn á við. Það má segja að myndirnar mínar túlki minn innri heim. Í myndum mínum er ég oft að reyna að sætta þær andstæður sem búa í sjálfri mér og umhverfinu. Þegar ég tala um andstæður þá á ég við andstæður eins og ást og hatur, ljós og myrkur, svart og hvítt, mjúkt og hart. Ég reyni að koma fegurðinni til skila í verkum mínum því að mér finnst fegurðin vera sannleikurinn."

Hefurðu fengist við einhver önnur listform?

„Ég hef ekki fengist við önnur listform að neinu ráði en í Myndlista- og handíðaskólanum kynntist ég vinnu með þrívíð form. Það er ekki ósennilegt að ég eigi eftir að vinna með þau síðar. Eftir að ég byrjaði í skólanum átti ég dálítið erfitt með að gera upp við mig hvora deildina ég ætti að velja þ.e. myndmótunardeildina eða málaradeildina. Þetta togaðist mjög á í mér en ég valdi málverkið og sé ekki eftir því. Þessi miðill að mála er svo umbúðalaus og aðgengilegur. Málverkið hentar mér ágætlega því að hugmyndirnar koma stundum hratt og þá er gott að geta gripið pensilinn og fest hugmyndina strax á strigann."

Hvernig var veran í Myndlista- og handíðaskólanum?

„Mér fannst gott að vera þar en ég fór ekki þangað til að verða listamaður heldur leit ég á þetta sem leið til að öðlast nauðsynlega þekkingu. Þarna eru margir góðir kennarar og þeir hafa flestir gefið mér eitthvað sem hefur nýst mér síðan. Bekkurinn sem ég var í var góður, margt fólk og ólíkt."


Hvernig hagar þú listsköpun þinni?

„Ég mæti daglega á vinnustofuna mína því að ef ég geri það ekki finnst mér ég vera að svíkjast um. Ég er kannski ekki að mála allan tímann sem ég er við á vinnustofunni heldur er ég stundum að hugsa um verk og þróa einhverjar hugmyndir. Það hentar sumum listamönnum að vinna í skorpum en hvað mig snertir þá reynist mér best að vinna jöfnum höndum að listinni. Ég teikna alltaf mjög mikið en þegar ég nota teikninguna við gerð myndar þá þróa ég hana áfram í málverkinu. Stundum rissa ég úti í náttúrunni en ég mála þó nær eingöngu óhlutbundnar myndir. Ég á oft erfitt með að vita hvenær mynd er lokið en það er tíminn sem leiðir í ljós hvort ég leyfi henni að lifa áfram. Það má segja að þankagangur minn komi dálítið fram í nafngiftum verkanna. Það sem mér finnst heillandi við listina er að fást við formið og andstæðu þess ljósið sem er ósnertanlegt. Mér eru andstæður ofarlega í huga, hiti og kuldi, hið harða og hið mjúka, hið efniskennda og hið loftkennda."

Viðtal: Einar Örn Gunnarsson



Kristín Geirsdóttir myndlistarmaður. Morgunblaðið/Einar Falur



Morgunblaðið/Einar Falur

„Jákvæð tákn um líf," segir Harpa Björnsdóttir um myndir sínar.

HARPA BJÖRNSDÓTTIR SÝNIR Á KJARVALSSTÖÐUM

Samtal við umhverfið

Harpa Björnsdóttir málar á pappír og festir á striga og strekkir í ramma. Myndirnar hengir hún upp í Austursal Kjarvalsstaða ásamt nokkrum tréskúlptúrum sem draga formlegan dám af málverkinu. Einsog sprottnir útúr málverkinu til að krefjast rýmis á alla þrjá vegu. Sýningin verður opnuð í dag.

Harpa lauk námi frá MHÍ 1981 og segist vera ein af fáum sem ekki hafi farið í „framhaldsnám erlendis". Enginn heimóttarsvipur er þó á myndverkum hennar enda hefur hún dvalið erlendis um lengri og skemmri tíma á undanförnum árum, nú síðast í sumar þar sem hún hafði afnot af vinnustofu á norrænu listamiðstöðinni Sveaborg í Finnlandi. „Það er mjög gott að vinna á Sveaborg og aðstaðan er góð en samt spyr maður sjálfur hvort þetta brölt milli landa með fullt af dóti fram og til baka sé þess virði. Jú, það er þess virði því mér vannst mjög vel og fór í fyrsta skipti að fást við skúlptúra í tré. Ég hef aldrei unnið í tré áður og hafði ofboðslega gaman af því.""

Yfirskrift sýningarinnar er Andlit daganna eins konar þema sem gengur í gegnum myndirnar á einn eða annan hátt og ég bið Hörpu að segja hvað liggur að baki.

„Mér finnst gott að leggja upp með ákveðið tema. Ég setti mér þetta tema fyrir ári og hef unnið útfrá því síðan. Þessi hugmynd um andlit daganna hefur svo þróast; andlit hafa ákveðið form og þetta form hefur þróast hjá mér og orðið að krukku sem síðan hefur orðið að krossi."

Þessi lýsing Hörpu á myndrænni skynjun gerir sjálfsagt lítið gagn þeim sem ekki hafa séð myndirnar og Harpa segir sjálf að vitsmunalegar skýringar séu oft hæpnar; það sem skiptir máli er skynjun áhorfandans og hvort honum líkar myndverk eður ei. Engu að síður vill Harpa bæta því við að þessi þrjú grunnform séu öll tákn um líf, tákn um jákvæða skynjun á lífinu, „Andlit er lifandi, í krukkunni er geymd aska til minningar um líf og krossinn er tákn um eilíft líf. En auðvitað er áhorfandanum frjálst að skynja hvað sem er og þessar myndir geta verið hvað sem er; jafnvel eintómar sjálfsmyndir. Úr því að manni er gert að setja fram vitsmunalegar skýringar við málverkin þá er líklega betra að setja fram marga möguleika en bara einn. Þá hefur áhorfandinn meira frelsi. Það er dálítið öfugsnúið að þurfa að setja fram túlkun í orðum á myndverki sem er í eðli sínu myndræn túlkun á tilfinningum. Með þessu er málarinn krafinn um túlkun á túlkun sinni."

Harpa setur fram þá skoðun að þetta stafi af því að gerð er sú krafa til myndlistar að hún sé skýranleg. „En það er svo margt í kringum okkur sem ber fyrir augu sem ekki er krafist skýringa á. Af hverju er sjórinn grænni í dag en í gær? Þessi krafa er ekki gerð til tónlistar en myndlist er álitin vitsmunalega útskýranlegt fyrirbæri. Menningin krefur okkur um orð og skilgreiningar en frammi fyrir myndlistinni verður maður kúltúrlaus. Ef þú sérð góða mynd verðurðu ástfanginn og óskynsamur og langar til að kaupa myndina í stað þess að kaupa í matinn fyrir helgina."

Þarf myndlistarmaðurinn þá ekki að vera meðvitaður um umhverfi sitt. Nægir honum að mála í upphöfnu algleymisástandi?

„Hann hlýtur að vera meðvitaður um umhverfi sitt því hann notar augun. Myndirnar eru samtal við allt umhverfið. Og þannig næst samband við áhorfendur, myndin hreyfir strengi í þeim sem geta verið allt aðrir eða þeir sömu og í myndlistarmanninum."

Er það þægileg eða óþægileg tilfinning að halda sýningu?

„Hún er auðvitað blendin. En það sem er svo gott við sýningu fyrir myndlistarmanninn er að fá tækifæri til yfirsýnar. Skoða samhengið. Ég vinn þannig að myndin sem ég er að fást við í augnablikinu á hug minn allan. Kannski man ég eftir næstu mynd þar á undan en myndir frá því í síðasta mánuði eða þaráður eru gleymdar. Þær sitja í undirmeðvitundinni og þegar allt er tekið saman eftir eitt, tvö eða þrjú ár og skoðað í samhengi verða eins konar þáttaskil."

hs